

Sumartónleikar við Mývatn 2015

29 starfsár.

Reykjahlíðarkirkja, laugardag 11. júlí kl. 21:00.

Flytjendur: **DÚÓ STEMMA.**

Dúó Stemma eru Herdís Anna Jónsdóttir, víóluleikari og Steef van Oosterhout, slagverksleikari. Þau leika bæði í Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Þau flytja efnisskrá sem saman stendur af íslenskum þjóðlögum, þulum og vísum og lögum sem samin hafa verið fyrir þau, eða þau sjálf útsett. Þau leika á víólu, marimbu, íslenskt steinaspil, allskonar hefðbundin og heimatilbúin hljóðfæri og skapa skemmtilega stemmningu í tali, tónum og hljóðum.

M.a. eru þjóðlög sem Hólmfríður Pétursdóttir söng inn á segulband 1969, lög frá Gautlöndum og lög eftir Snorra Sigfús Birgisson og Hjálmar H. Ragnarsson.



Aðgangur ókeypis, en tekið við frjálsum framlögum við kirkjudyrr.

Listrænn stjórnandi sumartónleika: Margrét Bóasdóttir.

Helstu stuðningsaðilar: Tónlistarsjóður, Landsbyggðartónleikar FÍT og FÍH, Reykjahlíðarkirkja, Skútustaðakirkja, Skútustaðahreppur, Mýflug, Sparisjóður Þingeyinga, Héraðssjóður Þingeyjarprófastdæmis, Hótel Reynihlíð, Sel Hótel Mývatn, Hótel Laxá, Hótel Gígur, Hlíð ehf - Eldá ehf, Vogar ferðaþjónusta, Vogafjós, Kaffi Borgir, Jarðböðin við Mývatn.

Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir

Sími: 464 4343, 866 0311

Netfang: myflugan@emax.is

24. tbl. 7. árg. miðvikudaginn 8. júlí 2015

Afmælisbörn dagana 9. júlí — 15. júlí 2015

9. Helgi Arnar Alfreðsson, Jóna Kristjana Hólmgeirsdóttir.
10. Herdís Steingrimsdóttir, Ramon Inuk H.L. Villalmanzo.
11. Maia Tugevus.

Mýflugan

**Kæru lesendur
og viðskiptavinir.**

Mýflugan kemur út á miðvikudögum.

Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 14:00 á þriðjudögum.

Netfang: myflugan@emax.is eða í síma 464 4343/ 866 0311



Sigurgeir Sigmundsson, sá þekkti gítarsnillingur,
er búinn að gefa út sína fyrstu sólóplötu.

Af því tilefni ætlar hann að halda útgáfutónleika
í Gamlabænum n.k. laugardag frá kl. 22:00.

Með honum eru þeir feðgar Jóhann Ásmundsson
og Ásmundur Jóhannsson auk Ingvars Alfreðssonar.

Frítt inn og allir í stuði.

Gamlibærinn



HEILSUGÆSLUÞJÓNUSTA Í S-ÞINGEYJARSÝSLU



ATH!

Nýr vaktsími frá 1. júlí 2015: sími 1700

Heilsugæslustöðin á Húsavík, sími 464 0500

Er opin virka daga kl. 8:00 - 16:00.

Heilsugæslustöðin í Mývatnssveit

Hjúkrunarfræðingur: virka daga kl. 8:30 - 9:30.

Læknir: mánudaga e.h. og fimmtudaga f.h.

Heilsugæslustöðin Laugum

Læknir: fimmtudaga e.h.

Símatímar virka daga– sími skiptiborðs 464 0500

Símatími vegna veikinda eða aðkallandi erinda kl. 8:15 - 9:00 og 13:00 - 13:30.

Lyfjaendurnýjun kl. 9:00 - 10:00.

**Slys og alvarleg veikindi þar sem bráðrar
þjónustu er þörf – hringið í 112!**

Eftir lokun skiptiborðs og um helgar:

Vaktsími : 1700

Frá og með 1/7 '15 verða beinar innhringingar í vaktsíma læknis (898-6112) áframsendar í síma Læknavaktarinnar, sími 1700, og erindi áframsend þaðan eftir því sem við á.

Heilbrigðisstofnun Norðurlands

Geymið auglýsinguna !



Skútustaðahreppur.

Skipulagslýsing vegna fyrirhugaðs deiliskipulags vegna smávirkjunar við Vaðöldu.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps hefur ákveðið að kynna skipulagslýsingu skv. 1. mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna fyrirhugaðrar vinnu við gerð deiliskipulags vegna smávirkjunar við Vaðöldu. Neyðarlínan rekur þar fjarskiptastöð sem í eru farsíma- og Tetrasendar, vefmyndavélar og fleiri búnaður og er hún nú aflfædd með sígengis-olíurafstöð sem staðsett á Vaðöldu. Vegna mengunarhættu hefur Neyðarlínan leitað leiða til að auka rekstraröryggi stöðvarinnar og jafnframt að draga úr hljóð- og loftmengun. Til að aflfæða fjarskiptabúnaðinn er fyrirhugað að byggja litla heimarafstöð sunnan Vaðöldu í hliðarfarvegi Svartár norðaustan við fossinn Skínanda. Áformuð stærð rafstöðvarinnar er 8-10 kW.

Með gerð og kynningu skipulagslýsingar í upphafi verks er almenningi og umsagnaraðilum gefinn kostur á því að leggja fram sjónarmið og ábendingar, sem að gagni gætu komið við gerð skipulagsins.

Skipulagslýsingin munu liggja frammi á skrifstofu Skútustaðahrepps frá og með fimmtudeginum 9. júlí til og með fimmtudeginum 30. júlí 2015. Lýsingin verður einnig aðgengileg á sama tíma á heimasíðu Skútustaðahrepps: [http://www //myv.is](http://www.myv.is) undir Stjórnsýslan/Skipulags- og byggingarmál/Deiliskipulag/Tillögur í auglýsingu. Þeim sem vilja gera athugasemdir við skipulagslýsinguna eða koma með ábendingar er gefinn kostur á að koma þeim á framfæri innan tilskilins frests til skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatn og/eða í tölvupósti á netfangið: bjarni@thingeyjarsveit.is.

Allar nánari upplýsingar veitir undirritaður.

Bjarni Reykjalin,
skipulags- og byggingarfulltrúi Skútustaðahrepps.